

The background of the slide is a light gray gradient with several realistic water droplets of various sizes scattered across it. The droplets have highlights and shadows, giving them a three-dimensional appearance. The text is centered in the middle of the slide.

# LÆSI BARNNA LESTUR

# LÆSI Í VÍÐUM SKILNINGI

- ÞEGAR FJALLAÐ ER UM HUGTAKIÐ LÆSI LEIÐA MARGIR FYRST HUGANN AÐ UMSKRÁNINGARFERLI LESTRAR, ÞVÍ AÐ ÞEKKJA STAFI OG HLJÓÐ OG GETA LESIÐ TEXTA MEÐ ÞVÍ AÐ TENGJA SAMAN STAFATÁKN OG HLJÓÐMYNDIR. VISSULEGA ER ÞAÐ MJÖG MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í LÆSI EN TIL AÐ GAGN VERÐI AÐ LESTRINUM ER NAUÐSYNLEGT AÐ GETA TÚLKAÐ OG SKILIÐ ÞAÐ SEM LESIÐ ER. ÞVÍ VÆRI HÆGT AÐ SKILGREINA LÆSI Í DAG SEM ÞEKKINGU OG LEIKNI TIL AÐ SKYNJA, SKILJA, TÚLKA, GAGNRÝNA OG MIÐLA TEXTA Í VÍÐUM SKILNINGI.

# Í SKÓLABYRJUN - SNEMMTÆK ÍHLUTUN

## BYRGJUM BRUNNINN

- MARKMIÐ
- AÐ FINNA SEM FYRST Á GRUNNSKÓLAGÖNGUNNI ÞÁ NEMENDUR SEM ÞURFA SÉRSTAKAN STUÐNING Í NÁMI OG VEITA HANN.
- AÐ FÆKKA NEMENDUM SEM ÞURFA SÉRSTAKAN STUÐNING SÍÐAR Á SKÓLAGÖNGUNNI.
- AÐ AUKA EINSTAKLINGSMIÐUN Í NÁMI.
- AÐ ÞRÓA ÁRANGURSRÍKA KENNSLUHÆTTI Í SÉRKENNSLU Á FYRSTU ÁRUM GRUNNSKÓLANS.
- AÐ VIRKJA FORELDRA TIL ÞÁTTTÖKU Í NÁMI BARNNA SINNA.

# LESTUR Í 1.BEKK

- *HLJÓM-2* SKANNAÐ VIÐ SKIL FRÁ LEIKSKÓLA AÐ VORI
- *LESSKIMUN FRÁ MMS LÖGÐ* FYRIR Í OKTÓBER ÞAR SEM KANNAÐUR ER ORÐAFORÐI, STAFAÞEKKING OG HLJÓÐKERFISVITUND.
- NIÐURSTÖÐUR ÚR *HLJÓM-2* OG *LESSKIMUN* BORNAR SAMAN.
- *HLJÓÐFÆRNIPRÓF* LAGT FYRIR ALLA ÞÁ SEM VORU MEÐ 30 EÐA UNDIR Í RAÐTÖLU Í *LESSKIMUN* OG ÞÁ SEM HUGSANLEGA KOMA EKKI FRAM ÞAR EN MÆLDUST SLAKIR Á *HLJÓM-2*.

# LESFERILL

September	Stafapróf Lesferill /lestrarpróf 1	Allir nemendur Sumir nemendur	Umsjónarkennari/sérk Umsjónarkennari
Október	Lesskimun	Allir nemendur	Sérkennari/umsjónark
Október	Hljóðfærni	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
Október/nóvember	Íhlutun skóli og heimili	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
Janúar	Lesferill/lestrarpróf (2)	Allir nemendur	Umsjónarkennari
Febrúar	Hljóðfærniþróf/endumat	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
Febrúar/mars	Íhlutun skóli og heimili	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
Maí	Lesferill/lestrarpróf 1	Allir nemendur	Umsjónarkennari

# ÍHLUTUN

- NEMENDUR UNDIR 30 Í RAÐTÖLU Á *LESSKIMUN* FÁ ÞJÓNUSTU SÉRKENNARA/STUÐNINGSFULLTRÚA FRÁ OKTÓBER/NÓVEMBER OG FRAM EFTIR VETRI
- HEIMAPAKKAR MEÐ VERKEFNUM SEM FORELDRAR SINNA HEIMA
- UMSJÓNARKENNARAR FYLGJA VEL EFTIR LESTRI BÆÐI Í SKÓLA OG HEIMALESTRI
- AÐ HAUSTI Í 2.BEKK ER HALDIÐ ÁFRAM MEÐ ÍHLUTUN ÞEIRRA NEMENDA SEM ENNÞÁ ERU METNIR Í ÁHÆTTU VARÐANDI „LESHÖMLUN (DYSLEXÍU)“
- STAÐAN METIN MEÐ *LESSKIMUN* Í SEPTEMBER Í 2. BEKK OG FRAMHALDIÐ ÁKVEÐIÐ MEÐ HLIÐSJÓN AF NIÐURSTÖÐUNUM.


# ÍHLUTUN Í SKÓLA

- Stafrófsvinna á ýmsan hátt, gegnum tölvur, Ipad, minnispil o.fl.
- Æfum rím á ýmsan hátt
- Æfum fyrsta hljóð í orði s.s. „ Hvað er fyrsta hljóðið í orðinu mús?“
- Æfum endahljóð í orði s.s. „Hvað er síðasta hljóðið í orðinu hús?“
- Æfum miðjuhljóð í orði s.s. „ Hvað er miðjuhljóðið í orðinu lús?“
- Æfum samtenginu þ.e. að segja orð í orðbútum s.s. dó-ta-búð og tengja saman í orð
- Æfum að tengja saman hljóð í orð s.s. á – s, ó – l,
- Klöppum taktinn í orðum (ma – ður, tvö klöpp) (jó – la – frí, þrjú klöpp)
- Eyðing orðhluta, atkvæða og hljóða, „Hvað stendur eftir ef ég segi vörubíll án þess að segja vöru (bíll)?“
- Þegar nenmendur kunna alla stafi og hljóð þeirra förum við að tengja saman hljóðin til að lesa orð, byrjum á að tengja saman tvö hljóð eins og t.d. í orðinu sá. Tökum gjarnan samhljóða sem tengist (heilsar) sérhljóða sa – sá – se – sé – si – sí o.s.frv.
- Síðan smám saman bætum við fjölda hljóða í orðin, m-ú-s o.s.frv.













# HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA HEIMA

- ÁÐUR EN BYRJAÐ ER Í SKÓLA
- MJÖG MIKILVÆGT AÐ LESA FYRIR BÖRNIN , ÞAÐ EYKUR ORÐAFORÐA SEM ER EITT AF MIKILVÆGUM ÞÁTTUM Í ÞRÓUN LESTRAR HJÁ BÖRNUM, STALDRA VIÐ OG RÆÐA UM HVAD ER VERIÐ AÐ LESA (EFLA LESSKILNING).
- LEIKA MEÐ RÍM (FÁ TILFINNINGU FYRIR HLJÓMFALLI TUNGUMÁLSINS), FARA MEÐ ÞULUR OG VÍSUR.
- TENGJA HLJÓÐ VIÐ STAF.

# HEIMALESTUR ÞEGAR BYRJAÐ ER Í SKÓLA

- SETJA ÁKVEÐNAR REGLUR UM LESTRARSTUNDINA SEM AUÐVELT ER AÐ FYLGJA, S.S. GOTT ER AÐ LESA ALLTAF Á SAMA STAÐ OG Á SAMA TÍMA DAGSINS.
- HRÓSA OG HVETJA REGLULEGA, SÝNA ÞOLINMÆÐI.
- RÆÐA UM INNIHALD TEXTANS SEM LESINN VAR OG SPYRJA SPURNINGA ÚT FRÁ TEXTANUM, ÞAÐ EYKUR LESSKILNING OG ÁHUGA.
- SKOÐA OG RÆÐA UM MYNDIR Í LESTRARBÓKINNÍ OG TENGJA EFNID REYNSLUHEIMI BARNINS.
- EKKI SLEPPA LESTRARSTUNDINNÍ ÞÓTT BARNID SÉ ÞREYTT, LESA FREKAR TEXTANN AÐ HLUTA TIL FYRIR BARNID.
- LESA Á HVERJA BLAÐSÍÐU TVISVAR TIL ÞRISVAR SINNUM ÞANGAÐ TIL ÁKVEÐINNÍ FÆRNI ER NÁÐ. UMSJÓNARKENNARI LÆTUR VITA HVENÆR MÁ FARA AÐ LESA EINU SINNI.
- MIKILVÆGT ER AÐ LESA A.M.K. 5 SINNUM Í VIKU OG SKRÁ LESTURINN.

# HUGMYNDIR AÐ LÆSISVERKEFNUM TIL AÐ GERA HEIMALESTURINN FJÖLBREYTTAN

- LESTUR :
- FINNA ÁKVEÐINN STAF Í LESTRARBÓKINNI
- PARA SAMAN STÓRAN OG LÍTINN STAF
- FINNA STAFI/ORÐ Í BLÖÐUM
- FINNA ÁKVEÐIÐ ALGENGT ORÐ Í T.D. BLAÐI.
- SKRIFA STAFI /ORÐ
- LEIRA STAFI
- KLIPPA ÚT STAFI
- TEIKNA MYND ÚT FRÁ SÖGU

- HLUSTA Á ORÐ TIL AÐ HLJÓÐGREINA
- HLUSTA EFTIR ÁKVEÐNU MÁLHLJÓÐI Í ORÐI OG SEGJA HVORT ÞAÐ SÉ FREMST, AFTAST EÐA Í MIÐJU ORÐSINS
- AÐGREINA OG ÞEKKJA HLJÓÐ Í ORÐUM.

- SEGJA FRÁ SKÓLADEGINUM – HVAÐ GERÐU ÞIÐ Í DAG?- HVERNIG LEIÐ ÞÉR Í DAG ?
- ÆFA STAF VIKUNNAR MUNNLEGA.
- SEGJA FRÁ BÓK VIKUNNAR – UM HVERN ER SAGAN – HVAÐ GERÐIST Í SÖGUNNI- HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST Í SÖGUNNI ?– HVERNIG ENDAÐI HÚN ?



TAKK FYRIR

